



Skrifstofa jafnréttismála  
Jafnréttisráð Kærunefnd jafnréttismála

Alþingi  
Erindi nr. P 122/581  
komudagur 19.12.1997

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. desember 1997

Með bréfi dagsettu 27. nóvember sl. óskaði menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Karlanefndar Jafnréttisráðs um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum, 109. mál.

Tillagan var rædd á fundi Karlanefndar 3. desember. Nefndin hefur oft vakið athygli á því að svo virðist sem skólakerfið sé ekki í stakk búið til að mæta og sinna mismunandi þörfum kynjanna. Ein afleiðing þessa er að nokkur hópur drengja á undir högg að sækja innan skólans. Hins vegar sýndi aðsóknin að málþingi Karlanefndar og menntamálaráðuneytis, „Strákar í skóla“ að meðvitund um vandamálið er mikil og fullur vilji meðal starfsfólks skólanna til að leita leiða til úrbóta. Margt hefur líka verið gert héraðs og erlendis og það er skoðun nefndarinnar að ástæða sé til að leggja vinnu í að draga saman reynsluna af íslenskum tilraunaverkefnum. Nefnd af því tagi sem hér er lagt til að verði skipuð gæti meðal annars beitt sér fyrir slíku.

Karlanefnd Jafnréttisráðs hvetur eindregið til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

fh. Karlanefndar Jafnréttisráðs,

Sigurður Svavarsson